

Reynsluakstur Audi RS4
Mercedes Benz uppfærir Unimog
Toyota Prius undir söluáætlun

BÍLAR

- MÓTORHJÓL

visir.is/bilar FRÉTTABLAÐIÐ

MÓTORHJÓLASAFN ÍSLANDS

Mótorhjólasafn Íslands, að Krókeyri á Akureyri, var stofnað 20. desember árið 2007 til minningar um Heiðar Þ. Jóhannsson sem lést sunnudaginn 2. júlí 2006 í hörmulegu bifhjólaslysi.

Slysið varð í Öræfasveit á leið heim af landsmóti Snigla sem haldið var að Hrífunesi. Heiðar, eða Heiddi eins og hann var ætíð kallaður, var af flestum bifhjólamönnum á Íslandi talinn mesti hjólamaður á landinu, jafnvígur á hvaða hjól sem er. Heiðar hafði í mörg ár safnað mótorkjólum og hjólatengdum munum og hafði lengi átt sér þann draum að opna mótorhjólasafn. Heiðar lét eftir sig vel á þriðja tug hjóla og mikið magn bifhjólatengdra hluta. Stofnum Mótorhjólasafns Íslands er til minningar um Heiðar og mun á safninu vera starfrækt sérstök minningardeild þar sem hjól og munir hans verða sýndir og varðveittir.

Safnið

Á hjóladögum á Akureyri sumarið 2008 var tekin fyrsta skóflustungan að glæsilegri 800 fermetra byggingu á Akureyri undir safnið. Notaðar voru tíu samanhlekkjaðar skóflur við gjörninginn en þær voru mannaðar níu mönnum ásamt Heiðari sjálfum (í anda) á þeirri tíundu. Í dag á safnið tæplega fimmtíu mótorhjól og mikinn fjölda af hjólatengdum munum og ljósmyndum sem spanna alla sögu mótorhjólans á Íslandi.

Starfsemin

Mótorhjólasafni Íslands er ætlað að sýna og varðveita sögu mótorhjóla á Íslandi í máli, munum og myndum ásamt því að varðveita minningu Heidda og þau áhrif sem hann hafði á hjólamenningu landsmanna. Auk hefðbundinnar safnastarfsemi er hugmyndin að skapa athvarf fyrir hjólafélk hvort heldur sem það eru Akureyringar eða annað hjólafélk á ferð um landið. Meðal þess sem starfrækt verður í tengslum við Mótorhjólasafn Íslands er minjagripasala, ráðstefnu- og veislusalur, vetrar-geymsla á hjólum, sölusýningar og samstarf við umboð, þrifaðstaða fyrir hjól, kaffitería, umferðarfræðsla, námskeið og fundaraðstaða ásamt öðrum hugsanlegum jaðarrekstri.

Hollvinafélag safnsins – Tían

Í janúar árið 2007 var Bifhjólaklúbburinn Tían stofnuð og er hún hollvinafélag safnsins. Tían hefur í dag um 260 meðlimi sem tilbúnir eru til að leggja fram vinnu, aðstoð og að stuðla að uppbyggingu og hagsmunum safnsins. Margir félagsmenn Tíunnar og aðrir velunnarar safnsins hafa boðist til að lána safninu hjól og aðra gripi til varðveislu eða á einstakar sýningar. Mótorhjólasafn Íslands er sjálfseignarstofnun sem ætlað er að standa undir rekstri safnsins og annarri starfsemi.



Mótorhjólasafni Íslands er ætlað að sýna og varðveita sögu mótorhjóla á Íslandi í máli, munum og myndum ásamt því að varðveita minningu Heidda og þau áhrif sem hann hafði á hjólamenningu landsmanna.

KYMCO 2013!

Enn betra og skemtilegra hjól hlaðið aukabúnaði



Veglegur aukahlutapakki fylgir:
Öflugt spil, dráttarkúla, prófíltengi, sæti og sætisbak fyrir farþega, álfelgur og 26" Maxxis Bighorn dekk.

Götuskráð hjól tilvalið í leik eða starf.

KYMCO
Better than Best

VDO

Borgartún 36 • 105 Reykjavík
588 9747 • www.vdo.is

Mótorhjólasafnið

Stórskemmtilegt safn,
fullt af draumahjólum og flóttatækjum

Opnunartímar

Til 31. maí: á laugardögum kl.15-19
Frá 1. júní: alla daga kl. 10-17



Mótorhjólasafn.is

Mótorhjólasafn Íslands
Krókeyri 2, Akureyri
sími 866 3500

MÓTORHJÓL ER SJÁLFSAGÐUR HLUTUR

Verzlunin Nítró er með umboð fyrir Kawasaki-vélahjól og selur úrval aukabúnaðar og fylgihluta. Nýlega opnaði Nítró verslun í Garðabæ. Áhugi almennings á mótorhjólum hefur aukist síðustu árin.

Verzlunin Nítró er með umboð fyrir Kawasaki-vélahjól og býður upp á mikið úrval aukabúnaðar og fylgihluta fyrir eigendur mótorhjóla og fjórhjóla. Nýlega opnaði Nítró glæsilega verslun í rúmgóðu og björtu húsnæði í Kirkjulundi 17 í Garðabæ. Ragnar Ingi Stefánsson, sölustjóri hjá Nítró, segir nýja húsnæðið rúmgott og skemmtilegt þar sem viðskiptavinir geti nú skoðað mikið úrval hjóla og fylgihluta í þægilegu umhverfi. „Fyrst og fremst erum við umboðsaðili fyrir Kawasaki-hjól af öllum stærðum og gerðum, auk þess höfum við umboð fyrir sæbotur frá Kawasaki. Znen-vepurnar hafa verið áberandi á götunum en vinsældir þeirra hafa verið miklar síðustu árin. Einnig er Nítró með umboðið fyrir HiSun-fjórhjól frá Kína en þar er verið sölupunkturinn. Við bjóðum einnig upp á mikið úrval af göllum, hjálmum, skóm auk vara- og aukahluta fyrir flestar hjólategundir.“

Hann segir áhuga almennings á mótorhjólum hafa aukist mikið undanfarin tíu til fimmtán ár. „Það hefur orðið mikil hugarfarsbreyting meðal Íslendinga á síðasta áratug. Í dag viðurkenna flestir þetta sem sjálfsagðan hlut, að eiga mótorhjól, fjórhjól eða vespu svo dæmi séu tekin. Enda hefur fjöldi vélknúinna hjóla aukist mjög mikið á þessum tíma. Við sjáum það til dæmis á sölutölum yfir vespur en við seljum hundruð vespa á hverju ári sem bæði ganga fyrir bensíni og rafmagni. Vespurnar ná 25 km hraða og þær þarf ekki að skrá né taka próf á og svo bjóðum við öflugri 45 km vespur og enn stærri fyrir þá sem það vilja.“

Öll hefðbundin þjónusta

Ragnar segir þróunina í hugarfari hérlendis vera í sömu átt og víða erlendis. „Það að vera á mótorhjólum þykir bara sjálfsagður hlutur en ekki bara fyrir þróngan hóp fólks. Nú þykir flestum sjálfsagt að ferðast um á vespum, mótorhjólum og fjórhjólum um landið.“



Ragnar Ingi Stefánsson, sölustjóri hjá Nítró, er fremstur á myndinni ásamt starfsmönnum verslunarinnar. MYND/GVA

Nítró býður upp á fjölbreytt úrval slithluta í mótorhjól, fjórhjól og farartæki en er einnig með umboð fyrir fleiri þekkt og öflug vörumerki eins og til dæmis Givi-töskur, gler- og veltigrindur. „Við erum auðvitað eina búðin hérlendis sem selur orgínal vara- og slithluti í Kawasaki. Síðan bjóðum við upp á gott úrval vara-, slit- og aukahluta fyrir flest önnur hjólamerki. Hingað geta eigendur flestra hjóla sótt alla hefðbundna þjónustu.“

Nýjasta tryllitækið hjá Nítró er ZZR 1400 Kawasaki-mótorhjól sem er hraðskreiðasta mótorhjólið í heiminum í dag að sögn Ragnars. „Um er að ræða 200 hest-



Nítró býður upp á mikið úrval af göllum, hjálmum, skóm auk vara- og aukahluta fyrir flestar hjólategundir. MYND/GVA

afla græju frá Kawasaki. Hámarkshraði hjólsins er vel yfir 300 km á klukkustund. Við munum afhenda fyrsta hjólið eftir nokkra daga.“

Viðgerðarþjónusta Nítró er mjög öflug og skipuð góðum og vel þjálfuðum starfsmönnum. „Við verðum með fjóra menn á verkstæðinu í sumar og getum þannig veitt eigendum ólíkra tegunda vélknúinna hjóla, ekki bara Kawasaki-hjóla, úrvalsþjónustu. Að sama skapi erum við með auka- og slithluti fyrir öll merki. Þú kemur bara með hjólið í hús og við græjum málið.“

Nánari upplýsingar um vörur Nítró má finna www.nitro.is og á Fésbókinni.

Ergo býður 100% afslátt af lántökugjöldum í apríl



Það er gaman að fá sér grænan bíl sem eyðir litlu.

Í tilefni af grænum apríl býður Ergo 100% afslátt á lántökugjöldum af umhverfishæfum bílum. Gott fyrir þig, fyrir umhverfið og okkur öll.

Við aðstoðum þig með ánægju!

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is





Hlynur Pálmason, sölustjóri bifhjóla, við Honda CB1100 mótörhjól.
MYND/GVA

HONDA MÓTORHJÓL – GÆÐI OG GOTT VERÐ

Bernhard í Vatnagörðum 24-26 hefur flutt inn Honda-mótörhjól í hálföld. Honda er þekkt fyrir gæði og góða endingu. Mótörhjólmenning Íslendinga hefur þroskast mikið undanfarin ár.

Í fyrra voru fimmtíu ár síðan Bernhard hóf innflutning á Honda-mótörhjólum og því óhætt að segja að innanhúss sé að finna mikla þekkingu á merkinu. „Við erum með afar breiða línu af Honda-mótörhjólum. Allt frá fimmtíu kúbika torfæruhjóllum fyrir sex ára krakka og upp úr,“ segir Hlynur Pálmason, sölustjóri bifhjóla hjá Bernhard. Hann segir mótörhjólmenningu Íslendinga hafa tekið stórstígum framförum á síðustu árum. „Þetta hefur breyst úr því að vera helgaráhugamál hjá þröngum hópi í að hjól eru notuð sem alhliða ferðatæki í vinnu, leik og ferðamennsku.“

Hlynur segir vinsælustu hjólin í dag vera ferðahjól. „Við finnum fyrir aukinni eftirspurn eftir hjólum sem eru bæði fyrir malbik og malarvegi og sem komast út fyrir hefðbundna vegi,“ útskýrir hann og bendir á að Bernhard bjóði upp á breiða línu í ferðahjóllum enda algengt að þör stundi hjóla-

ferðamennsku saman og jafnvel heilu fjölskyldurnar líka.

Crosstourer Adventure



Hjól við allra hæfi

Hlynur segir helstu kosti Honda-bif-

Honda PCX 125 Vespa



VT750C2B

hjóllanna vera gæði og gott verð. „Honda er einn stærsti vélaframleiðandi í heimi og gæðin eru því í góðu lagi. Þá leggjum við hjá Bernhard mikinn metnað í að bjóða gott verð og mikið úrval af hjólum,“ upplýsir Hlynur. Hann segir öryggið einnig í fyrirrúmi enda leggi Honda mikið upp úr öryggisbúnaði á mótörhjólunum sínum. „Þeir voru til dæmis fyrstir til að hanna loftþúða á mótörhjól. Þá eru flestar gerðirnar sem í boði eru fánlegar með ABS-hemlakerfi,“ segir Hlynur og bætir við að Bernhard sé með hjól við allra hæfi. „Hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna, þá eigum við rétta hjólið.“ Starfsmenn Bernhard búa yfir mikilli reynslu og aðstoða fólk eftir bestu getu. „Þegar fólk er að kaupa sér hjól reynum við að greina áhugasvið þess og þarfir. Það er misjafnt eftir hverju fólk er að leita og við reynum að benda því í rétta átt hvað varðar stærð og afl.“

Verðið á mótörhjólunum frá Honda þykir gott. „Ný fullvaxin götuhjól er hægt að fá hjá okkur frá 1.099.000 krónum. Svo erum við líka með eldri módel, svokölluð eftirármótörhjól, á tilboðsverði og því hægt að gera góð kaup.“

Vespur í stað bíla

Fólk er í meiri mæli farið að nota vespur til að komast á milli staða að sögn Hlyns. „Bæði er þetta skemmtilegur lífsstíll en auk þess er þetta afskaplega praktískur ferðamáti,“ segir hann og nefnir sem dæmi að hægt sé að kaupa hjól sem eyði ekki nema 2,1 lítra á hundraði. „Við erum að selja 125 kúbika vespur og fólk er margt hvert farið að kaupa slík hjól í staðinn fyrir aukabíl á heimilið,“ segir Hlynur en þeir sem kaupa slík hjól eru iðulega fólk sem komið er yfir tvítugt. „Fjölskyldufólk nýtir vespu oft í staðinn fyrir bíl númer tvö og sparar þannig heilmikið í rekstrarkostnað.“

Bernhard býður



Integra Scooter

upp á vesputilboð um þessar mundir sem hljóðar upp á 569 þúsund krónur. „Þetta hjól, Honda PCX 125, er búið skemmtilegri og umhverfisvænni tækni sem kallast stopp/start tækni líkt og í tvinnbílum. Þegar þú stoppar hjólið á ljósum drepur það á vélinni eftir þrjár sekúndur og ræsir sig sjálfkrafa þegar þú gefur í til að fara af stað.“

Aukahlutir, fjármögnun og viðgerðir

Bernhard býður upp á mikið úrval aukahluta á hjólinum sínum. Þá hefur fyrirtækið yfir að ráða fullkomnu bifhjólaverkstæði í Vatnagörðum.

Fjármögnun á bifhjólum á ekki að vera vandamál að sögn Hlyns. „Við aðstoðum fólk við það en í dag er hægt að fá til-
tölulega háa fjármögnun á hjól,“ útskýrir hann. Þá séu tryggingar á hjól einnig orðnar sanngjarnari í dag en áður.

Inntur eftir vinsældum mótörhjóla svarar Hlynur að gríðarleg aukning hafi orðið í mótörhjólásölu fyrir hrun. „Árið 2007 vorum við að selja hátt í fimm hundruð hjól á ári. Eftir hrun dró mikið úr sölu en við bindum vonir við að þetta sé að breytast og okkur finnst sem áhuginn sé að glæðast á ný.“ Bernhard ehf. frumsýnir 2013 árgerðirnar af Honda-hjóllum á sýningunni „allt á hjólum“ í Fífunni 4.-5. maí næstkomandi.

Götuhjól af gerðinni Honda NC700S.





RÚMGOTT
Praktískur fjölskyldubíll með 490 lítra skotti.

FLOTTUR
Innréttingin í honum er eins og búast mætti við af Audi, alveg frábær.



Audi RS4 reynsluakstur FRÉTTABLAÐIÐ/XXXXX

DRAUMUR HVERS LIFANDI MANNS

Ótrúlegt afl og frábærir aksturseiginleikar.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius ehf.
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann
atli.bergmann@365.is
Sími 5125457

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is



AUDI RS4

Finnur Thorlacius reynsluakstur

Nokkuð einkennileg tilfinning er að aka bíla á 280 km hraða og sjá eiginlega ekki veröldina þjóta fram hjá því að slíkur hraði býr til einhvers konar göng þar sem það eitt er skýrt sem fram undan er. Enda er svo sem enginn tími til að njóta útsýnis til hliðanna og að auki myrkur meðan á þessu stóð. Það þarf mikinn bít til að ná slíkum hraða og þeir finnast í vopnabúri Audi. Einn þeirra er ekki svo stórvaxinn, en hann er í stórum skóm með hratt sláandi hjarta og ber heitið Audi RS4. Þessi bíll er úlfur í sauðargæru því við fyrstu sýn er hann eins og hver annar skutbíll af minni gerðinni, örlítið lengdur fólksbíll. Ef betur er að gáð ber hann þó margt með sér sem bendir til þess að hann standi nær villidýraflokki bíla. Stórvaxin púströrin, úttekin brettin, vindskeiðar í stærra lagi að framan, risastórar álfelgur og hversu lágur bíllinn er á vegi bendir til þess að hann gæti verið á sterum. Líkt og Rauðhetta spurði úlfinn af hverju hann væri með svona stór eyru, munn og augu mætti spyrja RS4 af hverju hann er svona nálægt veginum, með svona stóra vél og svona risastóra bremsudiska. Má þá búast við dimmrödduðu svari sem kemur undan húddinu sem svarar öllum þessum heimskulegu spurningum rétt áður en hann hverfur manni sjónum með allt sitt hestaflastóð hinum megin sjóndeildarhringsins.

Hver sem prófar spillist

Svo heppinn að sitja undir stýri Audi RS4 verður maður helst við að þiggja boð um að prófa bíllinn af umboðsaðila Audi hérlandis og framleiðandanum sjálfum, eða þá að eiga yfir 20 milljónir sem setja má í kaup á gripnum. Greinarskrifari naut fyrri kostsins um daginn og leikvöllurinn var hraðbrautir sem og venjulegir sveita-, fjalla- og borgarvegir Þýskalands og Austurríkis. Raunar stóðu fjórir Audi bílar til boða og fylgdu því þrjár aðrir forystusauðnum RS4, þ.e. Audi A7, Audi A4 og Audi Q5 jepplingur. Eins nálægt því að breytast í óþekkt smábarn verður maður varla en að vera undir stýri RS4. Svo

viljugur er hann til verksins, svo skemmtilegur er hann í akstri, og svo límdur er hann við vegginn að ökumaður fær á sér ofsatru sem engum er hollt eftir að úr bílnum er stigið.

Ofurafli og ekki til fallegra hljóð

Í vélarsal RS4 býr 4,2 lítra og átta strokka bensínvél sem skilar 450 hestöflum til allra hjóla bílsins. Allir S og RS bílar Audi eru með fjórhjóladrifi svo auðveldara sé að hemja öll þau hestöfl sem bílunum fylgja og ekki veitir reyndar af. Vélin í RS4 er afskaplega viljug að snúast og hægt er að ná í öll 450 hestöflin við 8.250 snúninga. Vélin slær út við 8.500 snúninga og var það skritin tilfinning er hún sló snögglega af öllu afli sínu, sér sjálfri til verndar. Við vélin var tengd 7 gíra sjálfskipting með tvöfaldrí kúplingu og því eru skiptingar RS4 ógnarhraðar. Algert konfekt fyrir eyrun var þegar slegið var úr á miklum snúningi og léttar sprengingar berast frá vélinni þegar bíllinn skipti sér í kjölfarið. Í raun var það alger dásemd að heyra frá vélinni á hvaða snúningi sem er og þetta er einn af þeim bílum sem synd er að dempa í hljóðið, en þess er að sjálfsögðu best notið með mikilli átroðslu hægri fótansins. Þrátt fyrir að RS4 sé heil 1.800 kíló er hann ekki nema 4,7 sekúndur í hundraðið og má efast verulega um að þar gefi framleiðandinn upp hárrétta tölu því hann er sneggri en það. Eyðsla bílsins er hófleg miðað við allt afl hans, eða 10,7 lítrar í blönduðum akstri.

Fjölskyldubíll með ógnarakstursgetu

Audi RS4 er aðeins í boði sem langbakur og segja má að RSS fylli það tómarúm sem skortur á sedan-gerð af RS4 skilur eftir. Hann er því afsprengi A4 langbaksins, en tekinn alla leið. Bíllinn er fimm sæta og með ágætu farangursrými upp á 490 lítra. Fyrir vikið er hann praktískur fjölskyldubíll ofan á ógnarlega akstursgetu. Sætin í bílnum eru eins og annað, gullfalleg sportsæti sem lima ökumann inn í bíllinn og það er heldur ekkert slorlegt að sitja aftur í bílnum. Innréttingin í honum er eins og búast mætti við af Audi, alveg frábær, og

FARÐU LENGRA!

FJR1300A



Þú ferð lengra á Yamaha!
Sérpöntum mótórhjól - afhendingartími 2 vikur



Sterkir og vandaðir hjálmur



Mótórhjólafatnaður í sérflokki

YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is

